

BORGARRÁÐ 11. apríl 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um stöðu á sameiningu yfirstjórnar leikskólanna Hólaborgar og Suðurborgar - R19030028

Fyrirspurn um stöðu mála Hólaborgar og Suðurborgar hvað varðar tillögu meirihlutans um sameiningu þessara tveggja leikskóla. Óskað er eftir upplýsingum um hvenær niðurstaða þessa máls mun liggja fyrir. Borgarfulltrúi Flokks fólksins gerir kröfu um að svör berist sem fyrst þar sem málið allt er farið að hafa virkilega mikil áhrif á starfsmenn tilfinningalega og fólk er farið að finna fyrir vonleysi. Málið hefur legið á borði Skóla- og frístundasviðs síðan 8. janúar ásamt umsögnum frá starfsfólki og er því tímabært að starfsfólk og foreldrar fari að fá svör.